

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

752. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 2. júlí 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa USVH.
2. Fundargerð stjórnar SSNV frá 19. júní sl.

Afgreiðslur:

1. Stjórn og starfsmaður USVH eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið var yfir mikilvægi þess að skipulag tímasettra æfinga íþróttá- og æskulýðsfélaga verði unnið í tíma þannig að æfingatöflur liggi fyrir áður en skólustarf hefst á komandi hausti. Þá var rætt um einstök ákvæði samstarfssamnings milli sveitarfélagsins og USVH m.a. verðlagsbreytingu fjárframlaga og aðgengi að íþróttamiðstöð sveitarfélagsins. Fulltrúar USVH nefndu einnig nauðsyn þess að búnaður íþróttamiðstöðvar m.a. skotklukka verði keypt og boltar, o.fl. verði endurnýjað eftir þörf. Byggðarráð samþykkir að fela formanni byggðarráðs ásamt íþróttá- og tómsfundafulltrúa og skólustjóra grunnskóla að eiga viðræður við fulltrúa USVH um gerð samræmdrar tímatöflu vegna komandi vetrar.
2. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 19. júní sl. Skúli Þórðarson skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

3. Byggðarráð lýsir vonbrigðum með ákvörðun sýslumannsembættisins á Blönduósi að hafnað ósk sveitarstjórnar Húnaþings vestra um að utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti farið fram á Borðeyri fyrir forsetakosningarnar þann 30. júní sl.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.